

# GJALDSKRÁ

## Hitaveitu Brautarholts í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

### 1. gr.

Hitaveita Brautarholts selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim sem gerð hafa verið og verða gerð eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og staðfesta reglugerð Hitaveitu Brautarholts.

### 2. gr.

Hitaveitan lætur þeim húsum sem tengd eru veitukerfi hennar í té vatnsmagn er ætla má að nægi til hitunar enda séu hitakerfi nógu stór að dómi hitaveitunefndar.

### 3. gr.

Hitaveitan lætur setja rennslismæla á inntök þeirra húsa sem tengd eru hitaveitunni.

### 4. gr.

Hitaveitan lætur lesa af mælum hitaveitunnar árlega, að jafnaði í desember. Ef mælir bilar áætla hitaveitunefnd vatnsnotkunina með hliðsjón af fyrri notkun þar til viðgerð hefur farið fram.

### 5. gr.

Gjöld fyrir dreifingu heita vatnsins eru sem hér segir:

1. Vatnsgjöld:  
Vatn um mæli kr. 31,50 á m<sup>3</sup>
2. Mælagjöld á mánuði:  
a. Fyrir mæla allt að  $\frac{3}{4}$ " kr. 525,00  
b. Fyrir mæla 1" – 2" kr. 1.050,00
3. Hitaveitunefnd hefur heimild til að gefa stórum notendum afslátt frá þessu gjaldi.
4. Á gjöld þessi leggst virðisaukaskattur samkvæmt lögum og reglum á hverjum tíma.

### 6. gr.

Gjalddagar hitaveitugjalda skv. 5. gr. eru sem hér segir:

Fyrir janúar og febrúar, 20. mars. Fyrir mars og apríl, 20. maí. Fyrir maí og júní, 20. júlí. Fyrir júlí og ágúst, 20. september. Fyrir september og október, 20. nóvember. Fyrir nóvember og desember, 20. janúar. Á fimm fyrstu gjalddögum ársins er vatnsnotkun áætluð með hliðsjón af fyrri notkun eða eðlilegri notkun húsa af sambærilegri stærð. Gjöldin skal greiða til banka eða innheimtustofnunar sem hitaveitan vísar til á gjalddaga sbr. útsenda greiðsluseðla. Verði ekki greitt á gjalddaga reiknast hæstu leyfilegir dráttarvextir af skuldinni frá gjalddaga.

### 7. gr.

Heimæðagjöld hitaveitunnar skal miða við heildar rúmmál húsa og vera sem hér greinir fyrir eina heimæð:

- |  |  |
|--|--|
| Hús allt að 400 m <sup>3</sup>               | kr. 200.000  |
| Hús 400 m <sup>3</sup> - 2000 m <sup>3</sup> | kr. 200.000 fyrir 400 m <sup>3</sup> og<br>kr. 162 á hvern m <sup>3</sup> þar fram yfir. |

Hús stærri en 2000 m<sup>3</sup>

kr. 459.200 fyrir 2000 m<sup>3</sup> og

kr. 137 á hvern m<sup>3</sup> þar fram yfir.

Stofngjald fyrir hvern aðrennslismæli umfram einn á sama inntaki er kr. 15.000.

Heimæðargjald er gjaldkræft þegar tengingu heimæðar er lokið.

8. gr.

Hitaveitu Brautarholts er heimilt að hækka eða lækka gjöld skv. 7. gr. í sama hlutfalli og vísitala byggingarkostnaðar að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að láta loka fyrir rennslis heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun skal tilkynna á sannanlegan hátt með 7 daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá sem vanskilum veldur kr. 5.000 hverju sinni.

11. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal hvenær sem er frjálst aðgangur að öllum mælum, hitagjöfum og vatnsæðum sem eru í sambandi við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir vegna bilana og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

12. gr.

Gjaldskrá þessi sem hreppsnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps hefur samið og samþykkt er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til þess að taka þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 889 frá 20. desember 1999.

*Iðnaðarráðuneytinu, 2. nóvember 2005.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

*Kristján Skarphéðinsson.*